

# ÁRSSKÝRSLA SÍL

20. febrúar 2016

# Efnisyfirlit

Dagskrá 43. Siglingaþings ........ 2
Fjöldi iðkenda samanburður 2012-15 ........ 3
Stjórn SÍL kosinn á 42. Siglingaþingi ........ 3
Skýrsla formanns ........ 4
  Formannaferð ........ 4
  Afreksstarf ........ 4
  Keppnishald ........ 4
  Erlendt samstarf. ........ 5
  Innlent samstarf ........ 5
  Útgáfa ........ 5
  Námskeið ........ 5
  Uppskeruhátíð ........ 5
Alþjóða Siglingasambandið ........ 6
Úrslit móta 2015 ........ 9
Reikningar 2015 ........ 16

Skýrsla 43. Siglingaþings var unnin af

Úlfi H. Hróbjartsyni
Birgi Ara Hilmassyni
Kjartani Sigurgeirssyni

Ljósmyndir
Fengnar af heimasíðu aðildafélaga SÍL

Prentun
Skrifstofa ÍSÍ

# Dagskrá 43. Siglingaþings

Haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

20 febrúar 2016.

1. Formaður setur þing.
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar
3. Kjörinn þingforseti.
4. Kjörnir 1. og 2. þingritari
5. Ávörp gesta
6. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykktar
7. Kosning fastanefnda
    a) Fjárhagsnefnd 3 manna
    b) Laga og leikreglnanefnd 3 manna
8. Lögð fram skýrsla stjórnar
9. Lagður fram til samþykktar endurskoðaður rekstrar og efnahagsreikningur liðins árs af félagslega kjörnum skoðendum reikninga félagsins.
10. Umræður um skýrslu stjórnar
11. Umræður um og samþykkt reikninga
12. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár
13. Lagabreytingatillögur
14. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði
15. Önnur mál: Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið
16. Tillögur fjárhagsnefndar
17. Kosningar
    a) Stjórn og varastjórn sbr 6 gr.
    b) Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga (sbr. lið 2.2).
    c) Fulltrúa á íþróttaþing í samræmi við reglur ÍSÍ
18. Þingslit

## Fjöldi iðkenda samanburður 2012-15

| HÉRAÐSSAMBAND/FÉLÖG | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |
| **ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR** | | | | |
| **BROKEY, SIGLINGAFÉLAG REYKJAVÍKUR** | 139 | 173 | 198 | 198 |
| | | | | |
| **KAYAKKLÚBBURINN** | 497 | 497 | 497 | 497 |
| | | | | |
| **UNGMENNAFÉLAG KJALARNESÞINGS** | 246 | 250 | 253 | 252 |
| **SIGLINGAFÉLAGIÐ ÝMIR** | | | | |
| | | | | |
| **ÍÞRÓTTABANDALAG AKUREYRAR** | 54 | 54 | 53 | - |
| **SIGLINGAFÉLAGIÐ NÖKKVI** | | | | |
| | | | | |
| **ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR** | 425 | 476 | 476 | 257 |
| **SIGLINGAKLÚBBURINN ÞYTUR** | | | | |
| | | | | |
| **HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLS OG HNAPPADALSSÝSLU** | 25 | 25 | 25 | 25 |
| **SIGLINGADEILD SNÆFELLS** | | | | |
| | | | | |
| **HÉRAÐSSAMBAND VESTFIRÐINGA** | 43 | 50 | 50 | - |
| **SIGLINGAFÉLAGIÐ SÆFARI** | | | | |
| | | | | |
| **UNGMENNASAMBAND SKAGAFJARÐAR** | 64 | 69 | 66 | 66 |
| **SIGLINGAKLÚBBURINN DRANGEY** | | | | |
| | | | | |
| **HÉRAÐSSAMBAND ÞINGEYINGA** | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **SIGLINGADEILD VÖLSUNGS** | | | | |
| | | | | |
| **ALLS** | 1.493 | 1.594 | 1.618 | 1.295 |

## Stjórn SÍL kosinn á 42. Siglingaþingi

| | |
|---|---|
| Úlfur Helgi Hróbjartsson | Formaður |
| Ólafur Már Ólafsson | Varaformaður |
| Kjartan Sigurgeirsson | Gjaldkeri |
| Arnar Freyr Birkisson | Ritari |
| Klara Bjartmarz | Meðstjórnandi |
| Gauti Elfar Arnarsson | Varamaður |
| Kristján Sigurgeirsson | Varamaður |
| Martin Swift | Varamaður |

# Skýrsla formanns

Enn einu siglingaárinu er nú að ljúka og enn erum við saman komin til að fara yfir farinn veg og draga línur fyrir starfsemi næsta árs. Á siðasta Siglingaþingi urðu nokkrar breytingar á stjórn og varastjórn Siglingasambandsins Sigurjón Hjartarsson, Anna Ólöf Kristófersdóttir og Rúnar Þór Björnsson hættu og í þeirra stað komu þeir Kjartan Sigurgeirsson og Gauti Elfar Arnarson og Kristján S. Sigurgeirsson.

Við formannskjör lýsti Úlfur H. Hróbjartsson að þetta yrði hans síðast ár sem formaður sambandsins. En Úlfur hefur verið í stjórn sambandsins undanfarin 13 ár og þar af sem formaður í 9 ár.

Á þinginu var einnig samþykkt ný afreksstefna sem gildir til 2020

## Formannaferð

Í apríl farið var til Danmerkur til að kynna sér starfsemi þar og uppbyggingu siglingafélaga þar í landi í ferðina fóru sex fulltrúar siglingafélaga og komu þeir heim með fulla vasa hugmyndum um hvernig mætti bæta starfsemi félagann hér á landi. Heimsótt voru þrjú siglingafélög auk þess sem formaður Danska siglingasambandsins tók á móti okkur. Áherslan var lögð á að kynnast innra starfi félaganna og hvernig þeir byggja upp sitt barna og unglingastarf. Það má til sanns vegar færa að við heimsóttum félög þar sem starfið er til fyrirmyndar, en það er auðvitað best að læra af þeim sem gera vel.

Ferðir sem þessar eru mikilvægar þar sem ekki er hægt að byggja upp siglingar á Íslandi í einangruðu tómi án tengingar við útlönd. Það er búið að finna upp hjólið og það er okkar að ræða við þá sem kunna að gera hlutina og læra af þeim.

Formannaferð ársins 2016 var farinn nú í febrúar en þá var varið til Helsinki á bátasýningu og ráðstefnu á vegum Finnska siglinasambandsins auk þess sem við fengum kynningu á afreksstarfi Finna og hvernig þeir fara að og þá sérstaklega með yngstur iðkendurna. Aðastaða Finna til siglinga eru um margt svipuð og því sem gerist hjá okkur hér á landi langir dimmir vetur og stutt siglingatímabil. Það var því áhugavert að fara yfir þau mál.

## Afreksstarf

Ekki var tekið þátt í mótum erlendis á síðastliðnu ári en megin ástæða þess var sú norðurlandamót á Laser féll niður vegna þátttökuleysis. Önnur mót sem reynt var að taka þátt í reyndust okkur ófær þar sem ekki var hægt að leigja báta á svæðinu til að keppa á.

Hulda Lilja Hannesardóttir og Þorlákur Sigurðsson fóru í viku æfingaferð til Barcelona á Spáni í byrjun árs og voru í þjálfun hjá Flor Cerutti Laser þjálfara.

## Keppnishald

Sumarið kom seint og bitnaði á þáttöku í mótum sumarsins átti það bæði við um siglingar og kayakróður. Þannig voru tvö mót felld niður vegna þátttökuleysis. Miðsumarmót Ýmis og Lokamót kæna. Bæði mót vour felld niður á síðustu stundu en Lenging á skólaárinu hafði einnig áhrif á siglingakennslu þannig að margt spilaði inn í til að draga út þátttöku í sumar.

Það munaði litlu að æfingabúðum sumarsins var næstum aflýst sökum þess hversu seint þátttökutilkynningar bárust. En æfingabúðirnar voru haldnar við frábæra aðstæður á Akranesi undir leiðsögn Íslandsvinarins Tom Wilson.

Það er orðinn ósiður að tilkynna seint og illa um þátttöku í mótum og öðru því sem félögin og SÍL standa fyrir. Það veldur hverjum þeim sem skipuleggur viðburði óþægindum og flækir alla umgjörð hlutanna. Þetta hlítur að skrifast á aga- og virðingarleysi gagnvart því starfi sem unnið er innan

hreyfingarinnar.  Hluta af þessu má skrifa á hversu stutt siglingatímabilið er, og að starfsemi félaganna leggist nær niður utan skólatíma.  Önnur íþróttafélög ná að halda uppi starfi þó að skólar starfi í landinu og það sama ættu siglingafélög að geta gert.

## Erlendt samstarf.

Starf ársins var á hefðbundum grunni áhersla var lögð á samvinnu við Norðurlandaþjóðir og þátttöku í starfi alþjóða siglingasambandsins. Nánar má sjá um það starf á bls. 6

## Innlent samstarf

Fulltrúi Siglingasambandsins situr í fagráði um siglingar auk fulltrúa frá Snarfara fyrir hönd skemmtibátaeiganda.  Farið var á fund með Samgöngustofu um endurskoðun á lögum um skemmtibáta og réttindamál til siglinga slíkra báta.

Siglingasambandið á einnig fulltrúa í stýrihóps  bláfánans á Íslandi. Starfið þar felst fyrst og fremst í að sinna umhverfismálum og að veita þeim aðilum sem sækja um fánann ráðgjöf og eftirfylgni með starfsemi þessara aðila.

Íþróttaþing var haldið snemma árs 2015. Fulltrúar SÍL á þinginu voru þeir Ólafur Már Ólafsson Arnar Freyr Birkissson og  Úlfur H. Hróbjartsson

## Útgáfa

Nokkur tími á árinu hefur farið í endurskoðun á kappsiglinagfyrirmælum Síl og sér reglum. Auk þess sem unnið hefur verið að Handbók fyrir siglingafélög. Í handbókinn er farið yfir flest þau atrið er varðar uppbyggingu íþróttafélagas og  rekstur þess. 1 drög að handbókinn liggja nú fyrir og ljóst er að hún verður kláruð á næstu mánuðum eftir þing.

## Námskeið

Eitt þjálfaranámskeið var haldið á árinu og sóttu það sex einstaklingar um var að ræða 1stig siglingaþjálfara og var Ólafur Víðir Ólafsson kennari á námskeiðinu.

## Uppskeruhátíð

Árleg uppskeruhátið Siglingasambandsins var haldin í lok Október.  Hátíðin var haldin í félagsheimili Þyts í Hafnarfirði.  Verðlaun voru veitt fyrir frammsitöðu á árinu ekki aðeins fyrir keppnisfólk heldur líka þá sem stóðu sig vel á öðrum sviðum.  Verðlaunahafar eru hér fyrir neðan.

Kayakmaður ársins er Ólafur Einarsson
Kayakkona ársins er Björg Kjartansdóttir
Siglingamaður ársins er Gunnar Geir Halldórsson (Þyt)
Siglingakona ársins er Hulda Lilja Hannesdóttir (Brokey)
Siglingaerfni ársins er Þorgeir Ólafsson (Brokey)
Sjálfboðaliði ársins er Rúnar Steinssen (Þyt)
Strandbikarinn í ár fékk áhöfnin á Ögrun (Brokey)
Ævintýrabikarinn í ár fengu hjónin Svanfríður Jónsdóttir og Krísófer Óliversson (Brokey)
Íslandsbikarmeistari er áhöfnin á Skeglu (Þyt)

Nú að lokum langar mig til að þakka þeim samstarfið sem setið hafa í stjórn SÍL á þessu tímabili alla formenn félaga og aðra þá sem ég hef haft þá ánægju að starfa með sem stjórnarmaður í SÍL á þessum tíma. Starf formanns er fjölbreytt og gefandi og óska þeim sem við því tekur velfarnaðar í starfi.  Ég mun þó ekki láta mig hverfa þar sem enn eru nokkur mál bæði hér heima og erlendis sem ég á eftir að klára auk þess sem ég mun veita komandi formanni allan þann stuðning að aðstoð sem ég get bæði hér heima og í alþjóðlegu starfi sambandsins.

# Alþjóða Siglingasambandið

Ársþing Alþjóðasiglingasambandsins ISAF var haldið í Sanya í Kína í byrjun nóvember 2015. SÍL sendi tvo fulltrúa á þingið Úlf Helga Hróbjartsson og Birgir Ara Hilmarsson. Birgir situr í Regional Games committee og Úlfur í Development and Youth Committee. Þingið var nokkuð átaklaust eftir mikið átakaþing á síðasta ári. Átökin þá tengdust endurskipulagninu sambandsins og hvernig það vinnur ásamt áflusamböndum, en hlutverk þeirra er mjög óljóst og raunar ekki innan ramma ISAF eins og staðan er í dag. Miðlunartillögur lágu fyrir þinginu þar sem verulega er dregið úr róttækum tillögum síðasta árs. Þrátt fyrir að tilllögurnar nú voru mun mildari en tillögur síðasta árs er ljóst að miklar breytingar eru framundan á uppbygginu og starfsemi alþjóða siglingasambandsin. Nýr framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn til ISAF Peter Sowrey * að nafni og hanns hlutverk er að styrkja innviði sambandsins og tengingar við álfusamböndin. Auk þess aðlaga sambandið að 2020 markmiðum Alþjóða Ólympiuhreyfingarinnar. Mikið af þeim áherslum eru jákvæðar, sérstaklega fyrir okkur íslendinga, þar sem áhugi er á að auka útgjöld í þróunnar verkefni fyrir smærri þjóðir. Því miður er ekki alveg ljóst hverjar þessar aðgerðir verða þar sem þjálfunar og þróunarstjóri ISAF Dan Jasper sagði upp starfi sínu skömmu fyrir þing. Nú er unnið að því að fylla í skarðið fyrir Dan Jaspers en hann hefur unnið kraftaverk í útgáfu á efni og stöðlum fyrir siglingasambönd til að móta stefnu sína eftir. Það má búast við frekari upplýsingum þegar nálgast vorið.

Ákvörðun Ólympiunefndar fatlaðra um að ekki skildi keppt i siglinum á Ólympiulekum fatlaðra í Japan 2020 setti mark sitt á þingið. Stór aukin áhersla er nú lögð á siglingar fatlaðra og markvist unnið að því að fjölga þáttöku þjóðum í siglingum fatlaðra. En megi ástæða þess að siglingar misstu sæti sitt á leikunum er að ekki eru stundaðar siglingar fatlaðra í nægilega mörgum löndum. Nú í haust er haldið heimsmeistarmót í silglingum fatlaðra og keppa þar 31 þjóð en lágmarkið fyrir ólympiuleikanna eru 32 þjóðir. Megin vandamálið er þó ekki þjóðirnar heldur að það skorti báta til að sinna öllum keppendum og því komast færri þjóðir að en vildu. Eigi að síður má vera að nokkuð að þróunarstarfi ISAF á næstum árum mun fara í að þróa siglingar fatlaðra.

Eftir að nýr forseti tók við Alþjóða Ólympíusambandinu er ljóst að nokkrar breytingar munu eiga sér stað innan hreyfingarinnar og þá eru siglingar ekki undanskildar. Ein breytingin er sú að aukin krafa er gerð til þeirr greina sem keppt er í á Ólympíuleikunum og þá sérstaklega að keppnin sýni toppinn á því sem er að gerast í viðkomandi grein. Fyrir siglingar birtist þetta í aukinn kröfu um þróun báta sem taka þátt í Olympíuleikum og þar með að keppni sýni það nýjasta og þá þróun sem átt hefur sér stað í siglingum á undanförnum árum. Þeir sem fylgjast með siglingum gera sér ljóst að þær breytingar sem orðið hafa í Ameríkubikarnum og auknar vinsældir dreka siglinga “kite boarding” boða breytingar í hverning við nálgumst siglingaíþróttina. Fyrstu skref að þessum breytingum hafa verið stigin með því að hafa dreka siglingar og tvískrokkunga á youth Olympics í Singapoor 2018. Ekki verður keppt á hefðbundum einskrokka seglbátum í Singapoor. Þessar breytingar hafa vakið mikla lukku hjá alþjóða Olympíunefndinni.

Enn hafa ekki verið boðaðaðar neinar breytingar á þeim bátum sem keppt verður á á Ólympíuleikunum. Eigi að síður er krafa á bátaflokka að þróa báta sína frekar og gera þá nútímalegri. Flokkarnir hafa brugðist misvel við en sem dæmi má nefnar að ákveðið hefur verið að gera tilraunir með að setja foil á NACRA 17 Olymplíuleikumum í Japan 2020 munum við sjá fljúgandi tvískrokkunga.

Stöðug þróun hefur verið bæði í 49er og 49xx þannig að þeir þurfa ekki að bregðast svo hart við, aftur á móti eru það Finn og 470 sem þurfa mest að taka til hendinni. Laser hefur brugðist við og erum við nú þegar farin að sjá merki þess m.a í. nýju Laser standard segli auk þess sem ekki er ólíklegt að við

munum sjá carbon masturtopp á Laser. Þróun Laser gæti verið hraðari ef ekki væru deilum um hönnun og framleiðsu réttindi á Laser  á milli Torch og Laser performance.

Á aðalfundi ISAf var kosið um nýtt nafn fyrir sambandið í stað þess að heita ISAF heitir  sambandið nú World Sailing.  Menn höfðu rætt þessa nafnabreytingu framm og aftur fyrir þingið og hvernig að henni væri staðið og voru menn ekki á eitt sáttir hvort þetta væri til góðs eða ekki. Eigi að síður var nýja nafnið samþykkt á fundinum. Í kjölfarið var nýtt og einfaldara merki kynnt.

* Peter Sowrey var sagt upp rétt fyrir jól og um miðjan janúar var Andy Hunt ráðinn í hans stað.

## ISAF Nefndar störf

Frá fundi Þróunar og ungmennanefndar – (Development og Youth committee).

Það var nokkur kurr/óvissa í byrjun fundar hjá DogY nenfndinn vegna uppsagnar Dan Jasper þjálfunar og þróunnarstjóra ISAF.  Hluti nefndarfundar var því lokaður þar sem farið var yfir framtíðarsýn framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra sambandsins.  Ljóst er að Dan skilur eftir sig stórt skarð sem erfitt verður að fylla, aðgerðir til að leysa hann að hólmi eru líklegar til að halda dampi í því öfluga starfi sem átt hefur sér stað innan sambandsins.  Önnur mál sem lágu fyrir fundinum voru tillögur að breyttri nefndarskipan innan ISAF og þá sér í lagi sameinginu og fækkun nefnda.  Þessi nefndarskipan tæki gildi árið 2017 þar skipað er í nefndir á 4 ára fresti hjá sambandinu og núverandi nefndir klára sitt tímabil á næsta þingi í nóverber 2016.

Undirritaður skilaði skýrslu um stöðu vinnuhóps sem hann er í forsvari fyrir. Markmið vinnuhópsins er að finna og greina aðferðir til að auka þátttöku í siglinum sem eru í notkun hjá Siglingasamböndum eða siglingafélögum með það að markmiði að miðla aðferðunum meðal aðildar þjóða Alþjóða siglingasambandsins.  Staðan er sú að hópurinn hefur skilað af sér vinnuplaggi um hverngi form eigi að vera á niðurstöðum og greint aðferðirnar í þrjá megin flokka. Nú í ársbyrjun hefur verið sendur út spurningarlisti til allra siglingasambands og farið verður í  að safna svörum nú á næstu mánuðum.

Mikið af tíma nefndarinnar hefur farið í þróun siglinga þ.e. hvernig megi byggja upp þjálfun og þjálfunarkerfi en ekki því miður áherslan á siglinga ungmenna verið minni. Það var því ákveðið að stofna vinnuhóp um þau málefni og var undirritaður beðinn um að taka þátt í þeirri vinnu.   Annar vinnuhópur var einnig skipaður en honum var ætlað að koma á nýjum reglum um skipan Svæðis þjálfara en þeir sjá um þjáflaranámskeið og uppbyggingu þjáflaramentunar í sínum heimshluta.

Virðingarfyllst

Úlfur H. Hróbjartsson

Fundur í Svæðaleikanefnd ISAF (alþjóða siglingasambandsins) var haldinn 11. nóvember s.l.

Undirritaður sem á sæti í nefndinni mætti til fundarins sem haldinn var á Kempinski Hotel í Sanya.

Fyrir fundinum lágu fjölmörg mál. Farið var yfir skýrslur frá þeim leikum sem haldnir voru síðasta ár og innihéldu siglingar sem keppnisgrein, þá var ennfremur farið yfir komandi leika og sérstaklega rætt um leika sem haldnir eru án þess að siglingar séu með. Það er áhyggjuefni hve margir leikar innihalda

ekki siglingar og þarf ISAF að bregðast við því, rætt var meðal annars með hvaða hætti ISAF getur aðstoðað við að koma siglingum inn á þessa leika. Hingað til hefur ekki verið markvisst unnið að því máli þó svo að einhver aðstoð hafi verið lög fram í einstaka tilfellum. Stefnan er auðvitað að siglingar verði helst ein af kjarnagreinum sem flestra leika.
Í umræðum sem spunnust um þessi mál fanst undirrituðum loksins að hljómgrunnur væri kominn í menn að það þurfi að færa siglingakeppnir svæðaleika og þá báta/bretti sem notuð eru á þessum leikum nær því sem er á Ólympíuleikum. Það er mál sem ég vakti athygli á fyrir nokkrum árum þegar ég lagði fram samantekt unnið um búnað á Ólympíuleikum og bar þá saman við búnað á svæðaleikum. Ég vakti þar athygli á því hversu fjarri siglingakeppnir svæðaleikanna hafa í raun verið frá Ólympíuleikum voru þó nokkrir sem töldu mig vera kominn með umræðuna á viðkvæma braut, nú nokkrum árum síðar er umræðan þó að færast aðeins í þá átt.

Þá voru tilnefndir tæknifulltruar á komandi leika samkvæmt tillögu sem lögð var fram af formanni nefndarinnar.

Nokkrar tillögur lágu fyrir nefndinni til umsagnar. Stærsta málið var tillaga um Álfusambönd en nú þegar eru til nokkur álfusambönd en þau endurspegla ekki öll nákvæmlega heimsálfurnar eins og þeim er skipt hjá Alþjóða Ólympíunefndinni. Þá eru hlutverk og verkefni núverandi sambanda misjöfn.
*–nefndin mælti með að hafna tillögunum í bili og vinna að málinu í samstarfi við núverandi álfusambönd í stað þess að gefa út einhverja skipun.*

Þá var tillaga um breytingar á fastanefndum ISAF, tillagan miðar að því að fækka nefndum og gera uppbyggingu ISAF gagnsærri og skilvirkari. Þar er meðal annars lagt til að svæðaleikanefnd og útbreyðslu- og ungmennanefnd sameinist.
*-þetta lagði nefndin til að væri samþykkt*

Undirritaður greindi frá stöðu siglinga á Smáþjóðaleikum og tóku nefndarmenn undir áhyggjur af stöðu íþróttarinnar á leikunum. Siglingar hafa ekki verið á dagskrá leikanna síðan á Kýpur 2009. Það vakti mikla athygli að leikar í evrópu sem talið hefur verið mekka kappsiglinga skuli íþróttin okkar ekki vera með. Menn líta nú sérstaklega til þess að koma siglingum inn á leikana í Svartfjallalandi 2019. Þá vekur það ennþá meiri furðu að Evrópuleikarnir sem haldnir voru í fyrsta skipti s.l sumar voru ekki siglingar. Leikarnir voru haldnir í Aserbajan.

Nokkur atriði sem nefndin er að vinna að voru tekin til umræðu, þar á meðal leiðbeininga varðandi siglingakeppni á svæðaleikum, möguleikinn að nota svæðaleika til að úthluta sætum á Ólympíuleika, söfnun upplýsinga af svæðaleikum og þjálfun og kröfur til keppnisstjóra og dómara á leikum.

Virðingarfyllst
Birgir Ari Hilmarsson

## Úrslit móta 2015

# Sjókeipar

### Reykjavíkurbikarinn

3 km Konur

| Sæti | Nafn | Tegund báts | Ár | 2015 |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Helga Haraldsdóttir | Tahe GreenlanderT | Euro | 00:46:50 |

10 km Konur- ferðakeipar

| Sæti | Nafn | Tegund báts | Ár | 2015 |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Björg Kjartansdóttir | Point XP 65 | Væng | 01:13:10 |
| 2 | Klara Bjartmarz | Valley Nordkap | Euro | 01:13:40 |
| 3 | Erna Jónsdóttir | Valley Aquanaut | Euro | 01:24:10 |

10 km Karlar keppniskeipar

| Sæti | Nafn | Tegund báts | Ár | 2015 |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Gunnar Svanberg | Dominator XL | Væng | 00:56:30 |

10 km Karlar feðarkeipar

| Sæti | Nafn | Tegund báts | Ár | 2015 |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Ólafur Einarsson | Seabird Wave 5.5 | Væng | 00:55:35 |
| 2 | Eymundur Ingimundarson | Rockpool Taran | Væng | 00:56:47 |
| 3 | Sveinn Axel Sveinsson | Rockpool Taran | Væng | 00:59:50 |
| 4 | Hilmar Erlingsson | Nelo Viper | Væng | 01:03:23 |
| 5 | Þorbergur Kjartansson | Sea Wolf | Væng | 01:03:27 |
| 6 | Örlygur Sigurjónsson | Valley Q-Boat | Euro | 01:03:43 |
| 7 | Egill Þorsteins | Rockpool Taran | Væng | 01:04:15 |
| 8 | Guðmundur Breiðdal | Kirton Inuk | Væng | 01:05:24 |
| 9 | Ágúst Ingi Sigurðsson | Kirton Inuk | Væng | 01:08:45 |
| 10 | Páll Reynisson | Valley Q-Boat | Euro | 01:09:10 |
| 11 | Edwin Zanen | Sea Wolf | Væng | 01:10:30 |
| 12 | Gísli H. Friðjónsson | Valley Nordkap | Euro | 01:11:10 |
| 13 | Smári Ragnarsson | Valley Nordkap | Grænl. | 01:16:30 |

## Hallar bikarinn

### Feðarbátur karlar

| Sæti | Keppandi | Flokkur | Tími |
|---|---|---|---|
| 1 | Ólafur B. Einarsson | Ferðabátur | 31,32 |
| 2 | Sveinn Axel Sveinsson | Ferðabátur | 33,41 |
| 3 | Thorbergur Kjartansson | Ferðabátur | 36,5 |
| 4 | Egill Þorsteins | Ferðabátur | 37,47 |
| 5 | Ingi Sigurðsson | Ferðabátur | 44,53 |
| 6 | Hilmar E. | Ferðabátur | 44,35 |

### Kepnisbátur karlar

| Sæti | Keppandi | Flokkur | Tími |
|---|---|---|---|
| 1 | Gunnar Svanberg Skúlason | Keppnisbátur | 35,08 |
| 2 | Kári Jóns | Keppnisbátur | 34,38 |
| 3 | Bernhard Kristinn | Keppnisbátur | 34 |
| 4 | Höskuldur | Keppnisbátur | 49,24 |

### Ferðabátr konur

| Sæti | Keppandi | Flokkur | Tími |
|---|---|---|---|
| 1 | Gudrun Jónsdóttir | Ferðabátur | 54,42 |
| 2 | Björg Kjartansdóttir | Ferðabátur | 01:00,3 |

## Hálfmaraþon

| Sæti | Ferðabátar karla | Millitími við Gróttu | Tími |
|---|---|---|---|
| 1 | Ólafur Einarsson | (0:46:28) | 02:09:20 |
| 2 | Sveinn Axel Sveinsson | (0:47:35) | 02:14:06 |
| 3 | Þorbergur Kjartansson | (0:51:09) | 02:21:28 |
| 4 | Egill Þorsteins | (0:50:56) | 2:23:40 |
| 5 | Örlygur Sigurjónsson | (0:56:43) | 02:41:50 |

| Sæti | Keppnisbátar karla | Millitími við Gróttu | Tími |
|---|---|---|---|
| 1 | Eymundur Ingimundarson | (0:45:37) | 02:09:51 |
| 2 | Gunnar Svanberg Skúlason | (0:48:28) | 02:16:17 |

| Sæti | Ferðabátar kvenna | Millitími við Gróttu | Tími |
|---|---|---|---|
| 1 | Björg Kjartansdóttir | (0:57:59) | 02:40:44 |

# Kænur

## Opnunarmót Ýmir

| Sæti | Optimist | Félag | Bátur | 1 | 2 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Þorgeir Ólafsson | Brokey | Optimist | 1 | 1 | 2 |
| 2 | Andrés Nói Arnarson | Brokey | Optimist | 2 | 2 | 4 |
| 3 | Atli Gauti Ákason | Brokey | Optimist | 3 | 3 | 6 |

| Sæti | Opinn flokkur | Félag | Bátur | 1 | 2 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Hulda Lilja Hannesdóttir | Brokey | Laser R | 2 | 1 | 3 |
| 2 | Dagur Tómas Ásgeirsson | Brokey | Laser R | 1 | 2 | 3 |
| 3 | Tómas Zoega | Ýmir | Laser R | 3 | 3 | 6 |
| 4 | Ólafur Már Ólafsson Gunnar Hlynur Úlfarsson | Brokey | T Argo | 4 | 4 | 8 |

## Miðsumarmót Þytur

| Sæti | Optimist | Félag | 1 | 2 | 3 | 4 | samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Þogeir Ólafsson | Brokey | 1 | 1 | 1 | 1 | 4 |
| 2 | Ásgeir Kjartansson | Brokey | 2 | 2 | 2 | 2 | 8 |
| 3 | Andrés Nói Arnarsson | Brokey | 3 | 3 | 3 | 3 | 12 |
| 4 | Bergþór Bjarkason | Þytur | 4 | 4 | 4 | 5 | 17 |

| Sæti | Laser Radial | Félag | 1 | 2 | 3 | 4 | samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Þorlákur Sigurðsson | Nökkvi | 1 | 1 | 1 | 1 | 4 |
| 2 | Hulda Hannesdóttir | Brokey | 4 | 2 | 2 | 2 | 10 |
| 3 | Tómas Zoëga | Ýmir | 2 | 3 | 3 | 3 | 11 |

## Eimskipafélagsmót Brokey-æfingabúðir

| Sæti | optimist A | félag | 1 | 2 | 3 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Þorgeir Ólafsson | Brokey | 1 | 1 | 1 | 3 |
| 2 | Ísabella Sól Tryggvadóttir | Nökkvi | 2 | 2 | 2 | 6 |
| 3 | Emil Andri Ólason | Nökkvi | 3 | 5 | 3 | 11 |
| 4 | Ásgeir Kjartansson | Brokey | 4 | 3 | 5 | 12 |
| 5 | Andrés Nói Arnarson | Brokey | 5 | 4 | 4 | 13 |
| 6 | Atli Gauti Ákason | Brokey | 6 | 5 | 6 | 17 |

| Sæti | optimist B | félag | 1 | 2 | 3 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Axel Stefánsson | Brokey | 2 | 1 | 1 | 4 |
| 2 | Bergþór Bjarkason | Þytur | 1 | 2 | 2 | 5 |
| 3 | Hólmfríður K. Gunnarsdóttir | Brokey | DNF (5) | 4 | 3 | 12 |
| 4 | Dagur Freyr Jónasson | Nökkvi | DNS (5) | 3 | DNS (5) | 13 |

| Sæti | Opinn flokkur | félag | Bátur | 1 | 2 | 3 | samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Björn H. Rúnarsson | Nökkvi | Laser | 1 | 1 | 1 | 3 |
| 2 | Friðrik V. Elíasson | Nökkvi | Laser R | 3 | 5 | 2 | 10 |
| 3 | Breki Sigurjónsson | Nökkvi | Laser | 5 | 2 | 3 | 10 |
| 4 | Gunnar Kristinn Óskarsson<br>Gunnar Hlynur Úlfarsson | Brokey | 29er | 4 | 3 | 4 | 11 |
| 5 | Hulda Lilja Hannesdóttir | Brokey | Laser R | 2 | 4 | 7 | 13 |
| 6 | Máni Hrafn Stefánsson | Þytur | Topper | 6 | 6 | 5 | 17 |

Íslandsmeistaramót Brokey

| Sæti | Optimist | Félag | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | samt. stig | Heildar-stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Þorgeir Ólafsson | Brokey | 1 | -3 | 1 | 1 | 1 | -2 | 1 | 2 | 2 | 14 | 9 |
| 2 | Ísabella Sól Tryggvad. | Nökkvi | 2 | 1 | -3 | 2 | -4 | 1 | 3 | 1 | 3 | 20 | 13 |
| 3 | Andrés Nói Arnarson | Brokey | 4 | -4 | 2 | 3 | 3 | -5 | 2 | 3 | 1 | 27 | 18 |
| 4 | Emil Andri Ólafsson | Nökkvi | 3 | 2 | -5 | -4 | 2 | 3 | 4 | 4 | 4 | 31 | 22 |
| 5 | Garðar Örn Tannagon | Nökkvi | 5 | 5 | 4 | -6 | 5 | 4 | 5 | -6 | 5 | 45 | 33 |
| 6 | Bergþór Bjarkason | Þytur | 6 | 6 | 6 | 5 | 6 | 7 | 7 | -7 | -8 | 58 | 43 |
| 7 | Axel Stefánsson | Brokey | 8 | 7 | DNS 9 | DNS 9 | DNS 9 | 8 | 6 | 5 | 6 | 67 | 49 |
| 8 | Stefán Daði Karelsson | Nökkvi | 7 | -8 | 7 | 7 | 7 | 6 | 8 | -8 | 7 | 65 | 49 |

Laser Radial

| Sæti | Laser Radial | Félag | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | samt. stig | heildar-stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Þorlákur Sigurðsson | Nökkvi | 1 | -2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | -1 | 10 | 7 |
| 2 | Hulda Lilja Hannesdóttir | Brokey | -5 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | -4 | 24 | 15 |
| 3 | Friðrik Valur Elíasson | Nökkvi | 2 | 3 | -4 | -4 | 4 | 3 | 2 | 2 | 2 | 26 | 18 |
| 4 | Tómas Zoëga | Ýmir | 3 | -5 | 3 | 3 | 3 | -5 | 5 | 5 | 3 | 35 | 25 |
| 5 | Lilja Gísladóttir | Nökkvi | 4 | 4 | 5 | (DNF 6) | (DNS 6) | 4 | 4 | 4 | 5 | 42 | 30 |

| Sæti | Opinn flokkur | Félag | Bátur | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | samt. stig | heildar-stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Björn Heiðar Rúnarsson | Nökkvi | Laser St | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | -1 | -1 | 9 | 7 |
| 2 | Breki Sigurjónsson | Nökkvi | Laser St | 2 | 2 | 2 | 3 | -6 | 2 | 2 | 2 | -3 | 24 | 15 |
| 3 | Þór Elíasson | Nökkvi | Laser 4.7 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | -5 | -3,5 | 3 | 2 | 26,5 | 18 |
| 4 | Atli Gauti Ákason<br>Ásgeir Kjartansson | Brokey | Topper Topaz | 4 | 7 | 4 | 5 | 5 | -7 | -7 | 4 | 4 | 47 | 33 |
| 5 | Aðalsteinn Jens Loftsson<br>Eyþór Pétur Aðalsteinsson | Ýmir | 29er | -8 | 6 | 7 | 4 | 3 | 4 | 5 | 7 | -8 | 52 | 36 |
| 6 | Oliver Thorlacius-Allen | Brokey | Laser 4.7 | 5 | 5 | 5 | 6 | 4 | 6 | -6 | -6 | 5 | 48 | 36 |
| 7 | Gunnar Kristinn Óskarsson<br>Gunnar Hlynur Úlfarsson | Brokey | 29er | 7 | 4 | 8 | -8 | -8 | 3 | 3,5 | 8 | 6 | 55,5 | 39,5 |
| 8 | Berglind Rún Traustadóttir<br>Jóhann Valur Jónsson | Þytur | Topper Topaz | 6 | 8 | 6 | 7 | 7 | -8 | -8 | 5 | 7 | 62 | 46 |

*Lokamót var ætlun að halda á Sauðárkróki en því var aflýst vegna lélegrar þátttöku.*

## Áramót Ýmir

| Sæti | Opinn flokkur | Félag | Bátur | 1 | 2 | samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Þorgeir Ólafsson | Brokey | Optimist | | | |
| 2 | Hulda Lilja Hannesdóttir | Brokey | Laser Radial | | | |
| 3 | Tómas Zoega | Ýmir | Laser Radial | | | |
| | Úlfur H. Hróbjartsson | Brokey | Topper Argo | | | |

# Kjölbátar

Opnunarmót Þytur

| Sæti | Bátur | Félag | sigldur tími | leiðréttur tími | | Skipstjóri |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Skeggla | Þytur | 2:24:08 | 2:16:21 | | |
| 2 | Sigurborg | Ýmir | 2:49:11 | 2:38:30 | | |
| | Ögrun | Brokey | DNF | DNF | | |
| | Dögun | Brokey | DNS | DNS | | |

Hátíð hafsins Brokey

| Sæti | Bátur | Félag | Sigldur tími | Leiðréttur tími | | Skipstjóri |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Lilja | Brokey | 49:45:00 | 48:24:24 | | Arnar Freyr Jónsson |
| 2 | Dögun | Brokey | 57:43:00 | 48:28:55 | | Þórarinn Stefánsson |
| 3 | Sigurborg | Ýmir | 52:05:00 | 48:48:08 | | Smári Smárason |
| 4 | Sigurvon | Brokey | 53:37:00 | 50:40:04 | | Ólafur Már Ólafsson |
| 5 | Aquarius | Brokey | 51:05:00 | 50:40:29 | | Halldór Jörgensson |
| 6 | Ögrun | Brokey | 53:45:00 | 53:51:27 | | Jón Ólafsson |

Faxaflóamót Brokey

| Sæti | Bátur | Félag | Sigldur tími | Leiðréttur tími | | Skipstjóri |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Lilja | Brokey | 49:45:00 | 48:24:24 | | Arnar Freyr Jónsson |
| 2 | Dögun | Brokey | 57:43:00 | 48:28:55 | | Þórarinn Stefánsson |
| 3 | Sigurborg | Ýmir | 52:05:00 | 48:48:08 | | Smári Smárason |
| 4 | Sigurvon | Brokey | 53:37:00 | 50:40:04 | | Ólafur Már Ólafsson |
| 5 | Aquarius | Brokey | 51:05:00 | 50:40:29 | | Halldór Jörgensson |
| 6 | Ögrun | Brokey | 53:45:00 | 53:51:27 | | Jón Ólafsson |

Íslandsmót kjölbáta Þytur

| Sæti | Bátur | Félag | Skipstjóri | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | samt. | Loka |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Skegla | Þytur | Gunnar Geir Halldórsson | 1 | 1 | 1 | 1 | (2) | 2 | 1 | 1 | 10 | 8 |
| 2 | Dögun | Brokey | Þórarin Stefánsson | 2 | 2 | 2 | (3) | 1 | 1 | 2 | 2 | 15 | 12 |
| 3 | Aquarius | Brokey | Halldór Jörgensson | 4 | (6) | 6 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 30 | 24 |
| 4 | Sigurborg | Ýmir | Smári Smárason | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | (6) | 4 | 4 | 31 | 25 |
| 5 | Ögrun | Brokey | Jón Thorberg Ólafsson | 5 | (7) | 4 | 5 | 4 | 6 | 5 | 7 | 43 | 36 |
| 6 | Icepick 1 | Þytur | Rúnar Steinssen | (7) | 5 | 5 | 6 | 5 | 7 | 7 | 6 | 48 | 41 |
| 7 | Ásdís | Þytur | Arnar Jónsson | 6 | 4 | (8 DNC) | 8 DNC | 8 DNC | 5 | 6 | 5 | 50 | 42 |

## Lokamót Ýmir

| sæti | bátur | tími | forgjöf | umreiknað |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Skegla | 01:39:01 | 0,946 | 01:33:40 |
| 2 | Lilja | 01:42:17 | 0,973 | 01:39:31 |
| 3 | Aquarius | 01:41:21 | 0,992 | 01:40:32 |
| 4 | Sigurborg | 01:48:25 | 0,937 | 01:41:35 |
| 5 | Ögrun | 01:48:27 | 1,002 | 01:48:40 |

## Íslandsbikar Heildarstig

| Sæti | Bátur | Opnunarmót | Faxaflóahafnir | Íslandsmót | Lokamót | samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Skegla | 10 | 10 | 10 | 10 | 40 |
| 2 | Sigurborg | 8 | 8 | 5 | 5 | 26 |
| 3 | Aquarius | | 5 | 6 | 6 | 17 |
| 4 | Lilja | | 6 | | 8 | 14 |
| 5 | Ögrun | | 4 | 4 | 4 | 12 |
| 6 | Dögun | | | 8 | | 8 |
| 7 | Ásdís | | 3 | 1 | | 4 |
| 8 | Icepick 1 | | | 3 | | 3 |

## Reikningar 2015

### Rekstarreikningur

1.12015-31.12.2015

| Rekstrartekjur | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| ÍSÍ útbreiðslustyrkur | 2.838.102 | 2.259.094 | 1.924.359 |
| ÍSÍ Lottó | 2.935.363 | 2.731.267 | 2.719.845 |
| Styrkur frá stjónrvöldum | 2.650.000 | 2.700.000 | 2.200.000 |
| Styrkur frá einkaaðlinum | 250.000 | 792.000 | 418.220 |
| Vörusala (hagnaður) | 131.126 | 660.404 | 313.030 |
| IRC forgjafir | 188.610 | 214.217 | 189.277 |
| Námskeiðstekjur | 132.000 | 132.000 | 147.500 |
| Æfingabúðir | 297.730 | | |
| | **9.422.931** | **9.488.982** | **7.912.231** |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Launakostnaður | 5.230.976 | 5.602.206 | 4.894.968 |
| Leiga skrifstofu og skrifstofu kostn. | 569.284 | 908.991 | 825.013 |
| Fundir og mót erlendis | 1.103.060 | 1.301.702 | 1.391.316 |
| Fundir innanlands | 93.650 | 196.850 | 227.356 |
| Smáþjóðaleikar og erlendar keppnir | | | |
| Kostnaður v/mótahalds | 36.000 | 279.025 | 78.700 |
| Námskeiðskostnaður | 928.364 | 983.882 | 362.500 |
| Kynningarkostnaður | 350.000 | 80.354 | 488.196 |
| Styrkir og gjafir | 71.345 | | 165.500 |
| Kostnaður v/forgjafar | 116.026 | 67.479 | 99.365 |
| Félags og aðildargjöld | 205.699 | 112.676 | 45.160 |
| | **8.704.404** | **9.533.165** | **8.578.074** |
| **Hagnaður/-Tap fyrir fjármagnsgjöld** | 718.527 | - 44.183 | - 665.843 |
| Fjármunatekjur | 99.639 | 99.833 | 75.921 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | - 19.826 | - 19.965 | - 15.184 |
| **Fjármunatekjur** | **79.813** | **79.868** | **60.737** |
| **Hagnaður/-Tap ásins** | **798.340** | **35.685** | **- 605.106** |

## Efnahagsreikningur

31.12.2015

| Eignir | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 |
|---|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | | |
| Birgðir | | | | |
| Vörubirgðir | 2.994.005 | 3.042.820 | 1.638.167 | 2.905.657 |
| | **2.994.005** | **3.042.820** | **1.638.167** | **2.905.657** |
| **Skammtímakröfur** | | | | |
| Viðskiptakröfur | 1.532.129 | 1.726.587 | 1.431.950 | 1.819.029 |
| Viðskiptareikningur ÍSÍ | | | | |
| | **1.532.129** | **1.726.587** | **1.431.950** | **1.819.029** |
| **Handbært fé** | | | | |
| Bankainnistæður | 2.622.266 | 3.010.286 | 2.460.485 | 2.601.847 |
| | **2.622.266** | **3.010.286** | **2.460.485** | **2.601.847** |
| **Eignir Alls** | **7.148.400** | **7.779.693** | **5.530.602** | **7.326.533** |

| Skuldir og eigið fé | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 |
|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | |
| Þjálfurnarsjóður | | | | |
| Útbreiðslusjóður | | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 6.788.354 | 5.990.014 | 2.786.785 | 3.733.060 |
| **Eigið fé alls** | **6.788.354** | **5.990.014** | **2.786.785** | **3.733.060** |
| **Skammtímaskuldir** | | | | |
| Viðskiptaskuldir | 360.046 | 1.789.679 | 2.743.817 | 3.593.473 |
| **Viðskiptaskuldir alls** | **360.046** | **1.789.679** | **2.743.817** | **3.593.473** |
| **Skuldir og eigið fé alls** | **7.148.400** | **7.779.693** | **5.530.602** | **7.326.533** |

Undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga Siglingasambands Íslands, höfum skoðað og yfirfarið ársreikning SÍL fyrir árið 2015 ásamt fylgiskjölum.

**Við leggjum til eftirfarandi breytingar:**

- Verktakagreiðslur vegna kynninga verði færðar af liðnum launakostnaður yfir á kynningarkostnað.
- Vörusala verði sundurliðuð í ársreikningi þannig að liðirnir heildarinnkaup og heildarsala komi þar fram.
- Þátttökugjöld æfingabúða verði tekjufærð í stað þess að færa þær sem lækkun á kostnaði æfingabúða

**Við gerum eftirfarandi athugasemdir**

- Fylgiskjöl mega vera betur útskýrð og greinilegri.
- Yfirlitsblað fylgiskjala verði ávallt útfyllt fyrir hvert verkefni.

Reykjavík 18. febrúar 2016

Sigurjón Hjartarson

Birgir Ari Hilmarsson